



Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2002
SP/hó

Efni: Frumvarp til búnaðarlaga, 350. mál
Tilv:02020006


Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 31. janúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er útvíkkað starfssvið erfðanefndar, þannig að það taki til nytjajurta og trjáa, auk búfjár og ferskvatnsfiska, og er fulltrúum í nefndinni fjölgað til samræmis.

Bændasamtök Íslands gera ekki athugasemd við breytt hlutverk nefndarinnar. Hitt stingur í augu, að í umsögn fjármálaráðuneytis kemur fram, að nefndinni sé ekki ætlað aukið fé vegna nýrra verkefna. Það er óraunhæft, þar sem nefndin getur tæplega sinnt skylduverkefnum á sviði verndunar erfðaefnis búfjár, svo sem að vinna verndunarátætlun fyrir upprunalega búfjárstofna okkar. Þau verkefni eiga að hafa forgang og það er verr af stað farið en heima setið ef breytingin dregur úr starfsgetu á búfjársviðinu.

Þótt það hafi ekki efnislega þýðingu skal bent á að orðið “erfðalindir”, sem notað er í frumvarpinu, er ónákvæm þýðing á enska hugtakinu “genetic resources”, en það útleggst betur sem “erfðaauðlindir”, sbr. “natural resources” og “náttúruauðlindir”

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigrun Þorgeirsson